

# Timburhús – TIMB3VS16

## Námsáætlun haustönn 2021



Verkmenntaskólinn á Akureyri

<b>Kennari</b>	<i>Helgi Valur Harðarson, Jóhann Gunnar Jóhannsson, Jóhann H. Þorsteinsson</i>	<b>Sk.st.</b>	HVH, JGJ, JHP
----------------	--	---------------	---------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn um smíði staðbyggðra timburhúsa með áherslu á undirstöður, burðarvirki, klæðningu, einangrun, uppsetningu glugga og hurða, auk almenns frágangs. Nemandinn lærir um útfærslu einstakra byggingarhluta, efnisval, staðsetningu á stoðum, bitum og sperrum ásamt öryggis- og gæðamálum. Áfanginn er að mestu leyti verklegur þar sem nemandinn fær þjálfun í almennum verkþáttum húsasmíða eins og meðferð áhaldna og tækja, notkun smíðisfestinga og yfirborðsmeðferð. Áfanginn er á námsbraut í húsasmíði og lögð er áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

**Forkröfur** TRÉS2NT04 og TRÉS2PH10

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- burðarvirki timburhúsa
- einangrun og mikilvægi vandaðs frágangs á henni
- ísetningu og frágangi glugga og hurða
- tilgangi, uppsetningu og frágangi á utanhússklæðningum á vegg og þök
- öryggismálum á byggingavinnustað

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota og vinna með öryggisbúnað
- velja verkfæri við hæfi og vinna með þau
- smíða burðarvirki timburhúsa
- vinna eftir teikningum
- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- setja glugga og hurðir í vegg
- klæða timburvirki

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- smíða timburhús eftir teikningum og verklýsingum
- leysa af hendi fjölbreytt verkefni á byggingavinnustað

#### Námsgögn:

Teikningar af sumarhúsi VMA 2021-2022

Útveggjaklæðningar, IÐNÚ 2005 - er til á bókasafni VMA

Timburhús e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 - er til á bókasafni VMA

Ýmsar bækur um timburhús, RB-blöð og vefsíður sem kennarar vísa í.

## Timburhús – TIMB3VS16

### Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

#### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:


Tímabil (vikunúmer /lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
33-40	Burðarvirki timburhúsa Einangrun og frágangur rakavarnarlags		20%
36		Verkefni á Classroom um burðavirki	5%
39		Verkefni á Classroom um einangrun og frágang rakavarnarlags	5%
40		Munnlegt próf úr efni fyrri hluta áfangans	20%
41-48	Utanhúsklæðningar Ísetning glugga og hurðarkarma		20%
43		Verkefni í Classroom um utanhúsklæðningar	5%
47		Verkefni í Classroom um ísetningu glugga og hurðarkarma	5%
48		Verklegt tímapróf (4 klst)	20%


#### Námsmat og vægi námsmatspáttá:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Verklegt	Verkefni unnin yfir önnina, skipt niður í 2 x 20%	40%	
Bóklegt	Verkefni unnin á Classroom, 4 x 5%	20%	
Munnlegt	Munnlegt próf úr efni áfangans	20%	
Verklegt	Verklegt tímapróf í lok annar	20%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	

**Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**  
**Annað: Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun**

Dagsetning: 17.8 '21

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagsmeðla staðgengils

  
Undirritun kennara